

42. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs, símafundur, haldinn þriðjudaginn 25.9. 2018 kl. 11.

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Eva Björk Harðardóttir, Þorbjörg Gísladóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn starfandi framkvæmdastjóri jarðvangsins Berglind Sigmundsdóttir.

Anton Kári, formaður stjórnar, setti fund en síðan var gengið til dagskrár:

1. Starfslokasamningur við fráfarandi framkvæmdastjóra
Farið yfir málið, formaður mun afla upplýsinga um stöðu málsins fyrir næsta stjórnarfund.
2. Leigusamningur um Þorvaldseyri
Sigurður mun uppfæra fyrirbyggjandi drög, samþykkt að formaður undirriti þau síðan með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaganna.
3. Erindi frá LAVA
Málið rætt og verður afgreitt á næsta stjórnarfund.
4. Auglýsing á stöðu framkvæmdastjóra/rekstrarstjóra
Málið verður afgreitt á næsta stjórnarfund.
5. Ársreikningur 2017
Málið verður afgreitt á næsta stjórnarfund.
6. Breytingar á samþykktum
Farið yfir fyrirbyggjandi tillögur og gerðar á þeim minni háttar breytingar og síðan samþykktar.
Verða svo teknar fyrir aftur á næsta stjórnarfund.
7. Búseta starfsmanna og mögulegur húsnæðisstyrkur
Eftirfarandi tillaga samþykkt: Stjórn Kötlu jarðvangs beinir þeim tilmælum til aðildarsveitarfélaganna að í rekstraráætlun jarðvangsins verði framvegis gert ráð fyrir flutningsstyrk til þeirra starfsmanna jarðvangsins sem flytja búferlum inn á svæðið.
8. Önnur mál
Næsti stjórnarfundur ákveðinn þriðjudaginn 9. október kl. 15 í fundarherbergi Rangárþings eystra á Hvolsvelli.

Fleira ekki og fundi slitið kl. 11:50.

Eva Björk Harðardóttir
Þorbjörg Gísladóttir
Anton Kári Halldórsson
Sigurður Sigursveinsson